


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 3	<b>ÍSLE3KS05</b>	
	<b>Námsáætlun haustannar 2016</b>	

<b>Kennari</b>	Benedikt Bragason	<b>Sk.st.</b>	BEB
----------------	-------------------	---------------	-----

### Áfangalýsing:

Í þessum áfanga verður fjallað um helstu gerðir íslenskra miðaldabókmennta, frá eddukvæðum til Sturlungu, og hvernig þær lifa í nútímanum. Lesin verða valin kvæði og textar af ýmsum gerðum frá tímabilinu. Textarnir greindir og tengdir við það umhverfi sem þeir spretta úr. Jafnframt verða skoðuð ýmis nútímaverk sem sækja efnivið sinn í miðaldabókmenntir. Nemendur verða einnig þjálfðir í notkun bókmenntahugtaka og heimildavinnu. Nemendur kynna sér fræðilegar greinar sem tengjast efninu. Áhersla lögð á fjölbreytt og skapandi verkefni sem reyna á frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og mismunandi hæfni nemenda, auka víðsýni og gagnrýna hugsun. Nemendur vinna ýmist hver fyrir sig eða með öðrum.

### Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:


- upphafi íslenskrar ritmenningar.
- mismunandi tegundum miðaldabókmennta og þekki lykilverk tímabilsins
- áhrifum miðaldabókmennta á nútímaverk
- tengslum íslenskra miðaldabókmennta við evrópska menningu þess tíma
- algengustu stílbrögðum sem einkenna miðaldabókmenntir
- samfélagi, hugmyndafræði og viðhorfum miðaldamanna
- heimildanotkun í tengslum við verkefnavinnu og gildi mismunandi heimilda
- orðaforða sem þarf til að lesa helstu verk miðaldabókmennta

### Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa bókmenntatexta frá miðöldum sér til gagns og gamans
- greina bókmenntatexta frá miðöldum og fjalla um inntak þeirra
- greina áhrif miðaldabókmennta á nútímaverk
- beita algengum stílbrögðum í tal- og ritmáli
- skilja lykilhugtök og mismunandi sjónarhorn í bókmenntum
- draga saman og nýta á viðurkenndan og gagnrýninn hátt upplýsingar úr hvers kyns heimildum og meta áreiðanleika þeirra
- ganga frá heimildaverkefnum og nýta sér uppbyggilega gagnrýni annarra til betrumbóta
- flytja af öryggi lýsingar og kynningar á verkefnum sínum, hver fyrir sig og með öðrum

### Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja, greina og tengja saman bókmenntatexta frá ólíkum tímum
- skrifa skýran, vel uppbyggðan og grípandi texta

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016	<b>ÍSLE3KS05</b> <b>Námsáætlun haustannar 2016</b>	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 3		

- taka þátt í málefnalegum umræðum, tjá afstöðu sína og efasemdir um efnið og komast að rökstuddri niðurstöðu
- draga saman aðalatriði, beita gagnrýninni hugsun við lestur, túlkun og úrvinnslu krefjandi texta
- átta sig á samfélagslegum og bókmenntasögulegum skírskotunum, duldum boðskap og hugmyndum
- beita skýru, vönduðu og blæbrigðaríku máli í ræðu og riti
- velja ritstíl eftir aðstæðum og viðtakendum
- vinna skapandi verkefni í tengslum við námsefnið
- nýta sér heimildir af ýmsum toga í tengslum við námsefni og verkefnavinnu

### Námsgögn:

- Kennslubækur í Íslandssögu og sögu Evrópu.
- *Bókmenntir í nýju landi* e. Ármann Jakobsson, gefin út 2012.
- *Ormurinn langi* e. Braga Halldórsson, Knút Hafsteinsson og Ólaf Oddsson, frá 2005 og síðar.
- *Snorra-Edda. Til á Netinu, auk þess má nota hvaða útgáfu sem er.*
- *Gunnlaugssaga ormstungu*


### Áætlun um yfirferð:

#### 1. lota 22. ágúst – 30. september (6 vikur)

Upprifjun úr Gylfaginningu og Skáldskaparmálum. Kvæðin Völuspá og Hávamál lesin. Einnig valdar vísur úr Atlakviðu auk goðsögunnar um Fáfnisarf úr Snorra-Eddu. Örfáar dróttkvæðar vísur lesnar og reynt að átta sig á sérstöðu þeirra og sérhæfðu málvari. Í þessari lotu eru bæði verkefni og krossapróf sem samtals gilda 25%, sjá nánar í kaflanum um námsmat.

#### 2. lota 3. október – 11. nóvember (6 vikur). Hér verður lesin ein stutt

Íslendingasaga (*Gunnlaugssaga ormstungu*) og áhersla lögð á hetjuímyndina sem norrænir víkingar lifðu eftir. Einnig er skoðað hvernig sú hugmyndafræði sem einkennir heiðnina speglast í bókmenntum. Að auki verða í þessari lotu lesin nútímaverk sem að einhverju sækja efni sitt til fornbókmennta eða nota vísanir þaðan. Hér verða unnin verkefni sem tengjast bæði völdum sögum og kvæðum þar sem nemendur nýta sér fræðilegar greinar tengdar efninu. Auk þess verður próf úr sagnaritun. Samtals vægi lotunnar er 20%

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Utgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016	<b>ÍSLE3KS05</b> <b>Námsáætlun haustannar 2016</b>	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 3		

**3. Iota 14. nóvember – 2. desember (3 vikur) . Uppskeruhátíð.** Nemendur velja sér einhvern miðaldatexta (Íslendingasögu, konungasögu, Landnámu, Sturlungu og fl.) og bera saman við eitthvert bókmenntaverk nútímans um sama efni. Hér er hægt að nálgast efnið frá ýmsum sjónarhornum og birtingarform verkefnis er mjög opið, t.d. má hugsa sér kvikmynd, teiknimynd, tónverk eða allt sem kennari samþykkir. Vægi verkefnis er 15%

### Námsmat og vægi námsþátta:

<b>Matsform:</b>	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
<b>Námsmatsþættir</b>	<b>Lýsing námsmatsþátta</b>		<b>Vægi</b>
Krossapróf	Stutt krossapróf úr Íslands- og bókmenntasögu		5%
Krossapróf	Stutt krossapróf úr kvæðum fyrri alda		5%
Verkefni	Verkefni úr Völuspá og Hávamálum		10%
Verkefni	Skapandi verkefni úr völdum kvæðum		5%
Próf	Stutt próf úr sagnaritun		8%
Verkefni	Verkefni tengd völdum sögum		12%
Verkefni	Lokaverkefni		15%
Próf	Lokapróf		40%
			<b>100%</b>
<b>Annað:</b>			

Nemandi sem er veikur á prófdegi, eða við önnur vinnuskil, skal tilkynna það á morgni til skrifstofu skólans, annars missir hann próftökurétt sinn/rétt til skila. Þeir nemendur sem missa af prófum/tímaverkefnum, vegna gildra ástæðna, eiga kost á því að vinna það upp, að höfðu samráði við kennara, einhvern af næstu 5 kennsludögum eftir próf-/matsdag.

Símar og önnur snjalltæki eru óheimil í kennslustundum nema með leyfi kennara. Nemandi sem ekki virðir þessa reglu má búast við að honum verði vísað úr kennslustund, sbr. skólareglur.

Námsáætlun þessi er birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.

Dagsetning: 2016  
18/8 Benedikt Brage

Undirritun kennara

Höbjörg Benediktsdóttir

Undirritun/bráutarstj, fagstj eða staðgengils